

FÉLAGSFORINGJAFUNDUR

13. SEPTEMBER 2023



Stjórn BÍŠ boðar til félagsforingjafundar í Skátamiðstöðinni þann **13. september 2023 frá klukkan 19:30-22:00**. Boðaðir eru félagsforingjar, dagskrárforingjar, sjálfboðaliðaforingjar eða staðgenglar þeirra. Þá verður að sjálfsgöðu hægt að [taka þátt í gegnum fjarfundarbúnað](#) en við biðjum öll sem mögulega geta að mæta í persónu.

Dagskrá fundarins verður eftirfarandi:

1. Kynning frá Skátabúðinni (10 mínútur)

Skátabúðin mun upplýsa félögin um helstu verkefni sem snúa að félögunum. Farið verður yfir hvernig staðið er að þöntun á skátabúningnum, félög fá upplýsingar um nýjan innkaupasamning sem BÍŠ hefur gert við Rekstrarvörur sem skátafélögum býðst einnig að nýta sér, farið verður yfir afsláttarkjör skáta og framtíðar fyrirætlanir í þjónustu til skátafélaga t.d. við búnaðarkaup.

2. Áskoranir tengdar seinum skráningum á viðburði (10 mínútur)

Ein stærsta áskoranin í viðburðarhaldi á vegum BÍŠ starfsárið 2022-2023 var hversu seint skráningar þátttakenda bárust en dæmi voru um að 70-95% skráninga bárust í síðustu viku skráningarfrests. Stjórn og Skátamiðstöð vilja velja upp nokkrum spurningum með forystu félaganna um hvað geti valdið, hvað megi bæta og fá álit á hugmynd um seinangangs gjöld sem bætist ofan á þáttökugjöld.

3. Kynning og umræðuhópar um ánægjukönnun (50 mínútur)

Ánægjukönnun var gerð meðal skáta og forráðafólks þeirra fyrir starfsárið 2022-2023. Við viljum kynna niðurstöður hennar en síðan mun fundurinn skiptast í umræðuhópa sem munu skoða afmörkuð svið könnunarinnar, ræða og koma með tillögur um hvernig skátahreyfingin getur þróað þau áfram.

Hlé - 5 mínútur

4. Samhæft átak í rekkaskátastarfi 2023-2024 (15 mínútur)

Félagatal milli ára sýnir að þvert á félög er mikil þörf fyrir eflt rekkaskátastarf á landsvísi. Talsvert brottfall verður á rekkaskátaaldri en þótt fjölmennir árgangar byrji í rekkaskátum er iðulega minna en helmingur þeirra sem gengur upp í gegnum aldursbilið. Erindrekar kynna hvernig reynt verður að stýra samhæfðu átaki yfir komandi ár, hver hlutur félaganna er í því, hvaða stuðning BÍŠ býður og hvaða markmiðum við viljum ná á komandi ári.

5. Kynning á smiðju um hvernig skuli fá fleiri fulloröna til starfa (10 mínútur)

Flestum félögum vantar sjálfboðaliða en það getur verið meira en að segja það að afla þeirra. BÍŠ er tilbúin með smiðju að fyrirmynd þýsku skátanna til keyra með félagsráði skátafélaga þar sem félagið setur sig í stellingar til að skilgreina þörf sína, auglýsa eftir og taka á móti sjálfboðaliðum. Á fundinum kynnum við smiðjuna, hvað hún felur í sér, hvað vonast er til að félagið taki út úr henni og hvernig félög óska



eftir henni til sín.

6. Landsmót skáta 2024 (25 mínútur)

Landsmót skáta fer fram á Úlfliótsvatni næsta sumar og því er mikilvægt að öll skátafélög fari að undirbúa sinn fararhóp. Mótsstýra landsmóts mun kynna alla helstu þætti mótsins, verð, skráningu og fleira.

7. Alheimsmót skáta 2023 (15 mínútur)

Farið verður stuttlega yfir ferð íslenska fararhópsins á Alheimsmót skáta en fararstjórn gefur nákvæmari skýrslu um ferðina síðar eins og hefð er fyrir.

8. Önnur mál (10 mínútur)

